

Hrunamannahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Akurgerði 6 Flúðum
845 Hrunamannahreppur

Garðabær, 4. október 2024
Málsnúmer: 202409-0027
LA

Efni: Stækkun á efnistökusvæði í landi Kópsvatns 2. Lýsing á aðalskipulagsbreytingu.

Vísað er í tölvubréf frá Hrunamannahreppi í gegnum Skipulagsgátt, dags. 12. september 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu vegna stækkunar á efnistökusvæði E28 í landi Kópsvatns, austan við Hvítá. Áform eru um að stækka efnistökusvæðið úr 1,5 ha í 24 ha og að efnistaka verður bæði í lausu efni (möl, jökulleir) og í föstu efni (bögglaberg), þar sem heimilað verður að vinna allt að 300.000 m³ af efni.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og gerir eftirfarandi athugasemdir:

Fyrirhugað efnistökusvæði er ekki innan svæðis á náttúruminjaskrá en hverfisverndarsvæðið Kópsvatn og Kópsvatnseyrar (HV8) liggur vestan og austan við efnisnámuna. Kópsvatn nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga (60/2013). Efnistökusvæðið samanstendur af túni og öðru landi sem ber nokkur merki rasks. Samt sem áður má gera ráð fyrir þónokkru varpi innan svæðisins og einkum í grennd við það þar sem reikna má með að fuglalíf sé mikið og fjölbreytt (líkt og fram kemur í lýsingu fyrir hverfisverndarsvæðið). Því er mikilvægt að tekið sé ríkt tillit til fugla á varptíma við framkvæmdir á svæðinu sem og þess gætt að efnistaka hafi ekki neikvæð áhrif á nærliggjandi votlendi.

Efnistökusvæðið skarast við afmarkað flóðahættusvæði. Fram kemur í lýsingu að árbakkinn austan við Hvítá sé nokkuð hærri en vatnsborð árinna, sem á líklega þátt í að verja landsvæðið fyrir flóðum úr Hvítá. Varhugavert getur verið að hrófla við náttúrulegum þröskuldum með efnistöku.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsingu en áskilur sér rétt til frekari athugasemda á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur